Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

2. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 14. september 2026, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Jelena Ohm, formaður stjórnar, Ferðamálasamtök Suðurlands
Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Ólöf Þórhallsdóttir, Visit South Iceland ehf.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir.

Dagskrá fundar:

- Nýir fulltrúar í stjórn frá SASS
- Sumarið hjá Markaðsstofu Suðurlands
- Samstarfsverkefni
- Markaðsmál framundan
- Önnur mál

Nýir fulltrúar í stjórn frá SASS

Eftir auka aðalfund SASS 7.júní, sem haldinn var í kjölfar sveitarstjórnakosninga, urðu breytingar á fulltrúum SASS í stjórn Markaðsstofu Suðurlands. Fulltrúar SASS verða Anton Kári Halldórsson og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir. Varafulltrúar verða Matthías Bjarnason og María Rún Þorsteinsdóttir.

Sumarið hjá Markaðsstofu Suðurlands

Sumarið er jafnan rólegasti tíminn hjá Markaðsstofunni þar sem lykilsamstarfsaðilar okkar eru í sínum háannatíma við að sinna gestunum okkar og sumarleyfi ríkjandi hjá sveitarfélögum

og stofnunum. Lagt er upp með að halda stöðugleika í ákveðnum kjarnaverkefnum eins og birtingum á samfélagsmiðlum og umsjón með aðal netfanginu; info@south.is.

Önnur verkefni sem unnin voru í sumar voru útgáfa á Suðurlandskortinu, unnið að efnisgerð og deilingum í samstarfi við Íslandsstofu, áframhaldandi þjálfun og umbætur með Sunnu spjallmenni, efnisgerð fyrir vefsíðu og fréttabréf, undirbúningur og móttaka kanadískrar fjölmiðlakonu sem dvaldi á Suðurlandinu í 9 daga, undirbúningur og yfirlestur greinar um Suðurland í Outlook Travel Magazine sem mun birtast í septemberútgáfu þess, undirbúningur vegna Vestnorden o.fl.

Samstarfsverkefni

Markaðsstofur landshlutanna (MAS)

Starfsfólk MAS unnu vel með sínum svæðum að undirbúningi og skipulagi fyrir almyrkvann sem fór fram 12. ágúst sl. Þrátt fyrir að veðurguðirnir hafi ekki verið með öllum landshlutum í liði þá reynist góður undirbúningur hafa skilað sér og allt gekk vel fyrir sig á þessum einstaka degi.

Þann 27. ágúst áttu MAS fund með forstöðumönnum ferðaþjónustusviðs og markaðssamskiptasviðs hjá Íslandsstofu. Þar voru samstarfsverkefni framundan rædd og skipaður minni hópur til að móta tillögur að vinnulagi verkefna sem verður svo rætt á fundi með öllum starfsmönnum síðar í haust.

Síðastliðið vor var starfandi undirbúningshópur þriggja starfsmanna MAS og Hæfniseturs um fræðsluverkefni fyrir aðila í menningarferðaþjónustu. Í sumar var send inn styrkumsókn til menningarráðuneytis og hefur sú umsókn verið samþykkt. Verkefnið verður því keyrt í vetur og verður frekari kynning á því til Markaðsstofanna nú í vikunni og svo í framhaldi auglýst betur.

Nýr og endurbættur gagnagrunnur Ferðamálastofu er að komast í loftið á næstunni. Ragnhildur og Halldór Óli (MN) hafa verið fulltrúar MAS í þeirri þróunar- og rýnivinnu. Grunnurinn verður svipað upp byggður en tæknilegi þátturinn bættur þar sem eldri tækni var að úreldast. Upplýsingar um þjónustu á vefsíðum MAS, ferdalag.is og visiticeland.is byggja á þessum grunni og uppfærast miðlægt út frá honum.

SASS og sveitarfélög

Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar fóru á fund bæjarstjóra, starfsmanna bæjarins og ferðaþjónustuaðila í Vestmannaeyjum í byrjun júní. Þar fór fram gott samtal um samstarfið.

Framkvæmdastjóri er í vinnuhóp um nýsköpunar- og atvinnulífssýninguna Uppsprettu Suðurlands sem haldin verður í byrjun nóvember. Undirbúningsvinna hefur farið fram í vor og sumar. Nú eru skráningar fyrirtækja hafnar og mun undirbúningur halda áfram í haust.

Í vetur funduðu forstöðumenn og framkvæmdastjórar MAS og landshlutasamtaka sveitarfélaganna og var ákveðið að reglulega yrðu haldnir fundir þar sem starfsfólk þessara eininga hittist til að auka enn frekar samstarf og samtal. Slíkur fundur verður haldinn á Vesturlandi um miðjan nóvember.

Markaðsmál framundan

Markaðsverkefni á vegum Íslandsstofu

Hrafnhildur sat kynningarfund hjá Íslandsstofu þar sem farið var yfir markaðsáherslur fyrir komandi vetur. Á undan fundinum hafði Íslandsstofa haldið rýnifund með ferðaþjónustuaðilum þar sem meðal annars var kynnt ný greining KPMG á umfangi og þróun MICE-ferðaþjónustu á Íslandi árið 2025. Niðurstöður KPMG sýna að MICE-ferðaþjónusta (ráðstefnur, fundir, hvataferðir og aðrir stærri viðburðir) skilaði um 33 ma.kr. í tekjur árið 2025, sem samsvarar um 7,5% af heildartekjum íslenskrar ferðaþjónustu, þrátt fyrir að MICE-gestir séu aðeins um 3,5% af heildarfjölda ferðamanna. Út frá þessu var lögð sérstök áhersla á markaðsáherslur fram á veginn. Íslandsstofa og KPMG hvetja til markvissari og samfelldari markaðssetningar Íslands sem MICE-áfangastaðar, þar sem sérstaða landsins í gæðum og upplifun er í forgrunni fremur en að keppa í verði eða magni.

Hér liggja einnig sóknarfæri hjá Suðurlandi, t.d. með því að vinna gagnagrunn um MICE tengda þjónustu á svæðinu. Framkvæmdastjóri hefur orðað það við landshlutasamtökin að vera í samvinnu um það. Stjórn tekur undir að þetta sé þarft verkefni og hægt sé að taka við fjölda fólks víða um landshlutann.

Rauði þráðurinn í markaðsstarfi Íslandsstofu fyrir komandi vetur verður "wellness" þar sem horft verður til lykilmarkaða, en ekki hefur verið tilkynnt nánar hvernig það verður útfært. Herferð Íslandsstofu fer í loftið í byrjun október. Ferðaþjónustan og markaðsstofur hvattar til að undirbúa einnig efni sem fellur að þessum áherslum. Íslandsstofa mun senda út nánari upplýsingar og leiðbeiningar til hagaðila sinna.

Sýningar og vinnustofur

- Vestnorden
  Ferðasýningin Vestnorden fer í ár fram í Grænlandi og stóð til að Vala tæki þátt fyrir hönd Suðurlands en vegna veikinda (sjá undir önnur mál) mun Jelena Ohm stjórnarformaður fara fyrir hönd Markaðsstofunnar þetta árið. Framkvæmdastjóri kemur til hennar efni og þegar hafa fjölmargir fundir verið bókaðir.

- Ferðaþjónustuvikan 2027

  Ferðaþjónustuvikan 2027 verður haldin dagana 26.-28. janúar nk. og fer fram á höfuðborgarsvæðinu. Hefð er komin á að ferðaþjónustufólk af öllu landinu safnist saman á höfuðborgarsvæðinu í byrjun árs þar sem boðið er upp á ýmsa ferðaþjónustutengda viðburði nokkra daga í röð. Sem fyrr verður lögð áhersla á að auka

vitund um mikilvægi ferðaþjónustu og efla samstarf og fagmennsku í greininni með fróðlegri og skemmtilegri dagskrá.

Að ferðaþjónustuvikunni standa Markaðsstofur landshlutanna, Íslenski ferðaklasinn, Samtök ferðaþjónustunnar (SAF), Ferðamálastofa og Íslandsstofa. Formlegri dagskrá lýkur með Mannamótum Markaðsstofa landshlutanna þann 28. janúar í Kórnum í Kópavogi. Daginn eftir Mannamót verður síðan Mid-Atlantic ferðakaupstefnan, sem Icelandair stendur fyrir á tveggja ára fresti.

- Mannamót 2027 og Mid-Atlantic 2027

Fyrir nokkrum árum tók Icelandair þá ákvörðun að halda Mid-Atlantic ferðakaupstefnuna annað hvert ár í stað þess að vera með hana árlega. Yfirleitt hafa verið einungis 1-2 vikur milli þess viðburðar og Mannamóta og í vetur verður sú nýbreytni að viðburðirnir verða í sömu vikunni. Það er gert með það í huga að minnka ferðakostnað fyrirtækja af landsbyggðinni sem taka þátt í hvoru tveggja, sem og að auka líkur á því að erlendir ferðasalar geti mætt á Mannamót.

Önnur mál

- Leyfi starfsmanna

  Líkt og framkvæmdastjóri greindi stjórn frá fyrr í sumar þá hefur hún verið í veikindaleyfi frá 30. júní en þá fékk hún svæsið brjósklos sem endaði með aðgerð undir lok júlí. Hún stefnir á að koma rólega (skv. læknisráði) til baka til vinnu nú í september.
  Vala hefur einnig verið frá aftur hluta ágúst og september vegna afleiðinga höfuðhöggs sem hún hlaut í lok síðasta árs. Þá var Árdís í vinnu í allt sumar og mun taka sitt sumarleyfi í haust en hún hyggst dvelja í Afríku í 3 mánuði. Hluta tímans vinnur hún í fjarvinnu og vinnur að verkefnum sem hægt er að vinna hvar sem er.

- "Sveitarstjórnarskóli" á vegum SASS
  Stefnt er að því að halda „Sveitarstjórnarskóla" á vegum SASS fljótlega þar sem markmiðið er að kynna hinar ýmsu stofnanir á Suðurlandi fyrir sveitarstjórnarfólki á svæðinu. Verkefnið er í vinnslu hjá landshlutasamtökunum og verður kynnt nánar síðar.
- Innviðagjöld
  Fyrirhuguð innviðagjöld komu til tals, og ítrekað mikilvægi þess að öll slík gjöld séu sett á með góðum fyrirvara til þess að ferðaþjónustuaðilar hafi tíma til að reikna kostnaðinn inn í selda vöru.

Fundi slitið kl. 11:20